



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2025

Fullyrðingar Hugur Studio um virkni sveppadropa og -dufts

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 13. júní 2024, fór stofnunin fram á skýringar Hemmett ehf., rekstraraðila Hugur Studio, vegna fullyrðinga um virkni sveppadropa sem félagið hefur til sölu. Í markaðsefni vörunnar komu fram fullyrðingar þess efnis að sveppadroparnir framkalli ró, bæti svefngæði, lækki kortisol og þar með streitustigið og auki viðnám við streitu, styðji við ónæmiskerfið og frumur líkamans með andoxunarefnum og dragi jafnvel úr áhrifum ADHD og lyfjapörf.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir

Var farið fram á að Hemmett ehf. færði sönnur fyrir eftirfarandi fullyrðingum í markaðssetningu sinni á sveppadropum:

1. „*Lion's Mane styður við starfsemi heilans, þar á meðal minni, fókus og andlega skýrleika, á sama tíma og hann bætir meltingu. Notaðu Lion's Mane [...] til að auka þína einbeitingu?*“
2. „*Reishi sveppurinn [...] styður við ónæmiskerfið og aðstoðar okkur við að takast á við streitu betur. Reishi getur einnig dregið úr bólgum í líkamanum.*“
3. „*Cordyceps er lífsbætandi sveppur, notaður til að auka líkamlega frammistöðu, þar sem rannsóknir sýna að hann eykur framleiðslu líkamans á sameindinni adenósín þrífosfat, sem er mikilvægur hlekkur í því að koma orku til vöðvanna. Því getur Cordyceps bætt hvernig líkaminn vinnur úr súrefni, sérstaklega við þjálfun og endurheimt.*“



4. „Maitake (*Grifola frondosa*) er [...] þekktur fyrir eiginleika sem að styrkja ónæmiskerfið og styðja við almenna heilsu og vellíðan. [...] Maitake styður einnig við heilbrigði hjarta- og æða, sem og blóðsykursstjórnun líkamans.“
5. „Chaga getur minnkað bólgur í líkamanum, lækkað kólesteról, stjórnað blóðsykrinum og stuðlað að minni streitu í líkamanum.“

Þá vísaði stofnunin til þess að á Instagram síðu félagsins mætti sjá fjölda auglýsinga með reynslusögum einstaklinga sem hefðu notið góðs af notkun vörunnar vegna ýmissa sjúkdóma og ýmsar fullyrðingar um ágæti hennar tíundað, s.s. um að sveppadroparnir komi í stað ADHD lyfja. Með vísan til framangreinds óskaði stofnunin eftir að fá afrit af samskiptum félagsins við þá aðila sem birtar hefðu verið reynslusögur af.

Ekkert svar barst og var erindi stofnunarinnar ítrekað með bréfum, dags. 9 júlí 2024 og 25. september 2024.

Ekkert svar barst stofnuninni þrátt fyrir framangreindar ítrekanir og var enn á ný sent bréf til félagsins, dags. 24. október 2024. Þar kom jafnframt fram að stofnunin hefði orðið vör við tvær nýjar vörur til sölu á vefsíðu félagsins, Lion's Mane og Reishi sem skv. upplýsingum á vefsíðunni innihaldi báðar hreint sveppaduft. Þá væri í lýsingum beggja varanna gefið til kynna að notkun á duftinu geti haft áhrif á ýmsa kvilla s.s. bæta minni, meltingu, auka einbeitingu, framkalla ró í taugakerfinu og styðji við ónæmiskerfið. Í ljósi þess óskaði stofnunin eftir að fá nánari skýringar og sannanir á eftirfarandi fullyrðingum auk þeirra er fram komu í bréfi stofnunarinnar dags. 16. júní 2024:

1. „Reishi sveppaduftið framkallar ró í taugakerfinu, styður við ónæmiskerfið og eykur líkur á betri og dýpri svefni. Þú getur tekið duftið [...] til að fá rólegri og dýpri svefn.“
2. „Lion's Mane, sveppur einbeitingarinnar! Sveppurinn styður við starfsemi heilans, bætir minni, skýrir hugsun, og ofan í það styður sveppurinn við meltingu. Fáðu þér Lion's Mane duftið [...] til að auka einbeitingu og skerpa á hugsun.“

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 3. nóvember 2024, þar sem fram kom að lögð væri mikil áhersla á að neytendum væru veittar upplýsingar byggðar á vísindalegum grunni. Félagið reyni til hins ítrasta að forðast fullyrðingar og notist við orð eins og „styrkir“ og „styður“. Þá var tiltekið að það sem tekið væri fram við tiltekna vörur væri byggt á fyrirliggjandi rannsóknum sem gerðar hafi verið á sveppum eins og Lion's Mane, Reishi, Cordyceps, Maitake, Chaga og Shitake.

Fram kom varðandi Lion's Mane að sveppurinn hefði verið rannsakaður vegna hugsanlegra áhrifa á heilastarfsemi, þ.á m minni og einbeitingu en að þessi áhrif væru rakin til efna eins og



hericenones og erinacines sem örvi framleiðslu taugþátta (NGF). Þá var annars vegar vísað til greinar sem fjallaði um heilsueflandi eiginleika ýmissa sveppa, þ.á m. Lion's Mane og áhrif þeirra á hugræna virkni, og hins vegar til rannsóknar sem sýni fram á taugavirkjandi eiginleika Lion's Mane og möguleika hans til að örva taugavöxt.

Þá var tiltekið að Reishi sveppurinn væri þekktur fyrir ónæmisstuðning og aðstoð við streitustjórnun sem rekja mætti til fjölsykra og triterpenóíða sem styðji ónæmisvirkni og dragi úr bólgu. Var vísað til rannsóknar sem sýndi hvernig Reishi fjölsykrur bæti þarmaflóru og móti ónæmisvirkni auk greinar sem fjallaði um ónæmis- og bólgueyðandi áhrif Reishi og mögulegar verkunarleiðir.

Cordyceps væri þekktur fyrir að auka líkamlega frammistöðu þar sem rannsóknir bentu til að hann auki ATP framleiðslu sem bæti nýtingu súrefnis í líkamanum. Í því samhengi var vísað til rannsóknar sem sýndi hvernig Cordyceps militaris bæti æfingaframmistöðu með því að auka hvatberamyndun og andoxunarsvörun auk þess sem vísað var til rannsóknar sem sýni hvernig Cordyceps sinensis bæti þol við hámarksæfingar eftir bæði skammtíma- og langtíma notkun.

Tiltekið var að rannsóknir sýni að Maitake styðji við ónæmiskerfið og blóðsykursstjórnun vegna fjölsykrusambandsins D-fracton og var vísað til rannsóknar sem sýni hvernig Maitake bæti insúlínviðnám í erfðafræðilega sykursjúkum músum.

Þá var bent á að Chaga væri talinn hafa háa andoxunarvirkni sem stuðli að minni bólgu og lækun á kólesteróli og blóðsykri. Vísað var til rannsóknar sem skoði efnafræðilega samsetningu Chaga sveppaútdráttar og meti andoxunar- og bólgueyðandi virkni þeirra. Niðurstöður bendi til að Chaga hafi verulega andoxunarhæfni og geti haft áhrif á bólguviðbrögð. Þá var vísað til greinar sem skoði heilsufarslegan ávinning af Chaga sveppum og bendi á þau næringarefni sem stutt geti almenna heilsu. Þá sé einnig fjallað um rannsóknir sem skoði áhrif Chaga á krabbamein.

Varðandi Shiitake þá innihaldi þeir fjölsykruna lentinan sem hafi verið tengd við ónæmisstuðning og rannsóknir hafi skoðað möguleika þess á að lækka kólesteról. Því til stuðnings var vísað til greinar sem veiti yfirlit yfir næringargildi Shiitake sveppa og fjalli um heilsufarslegan ávinning þeirra, þ.á m. stuðning við ónæmiskerfið auk þess sem tilgreint sé að efni eins og lentinan stuðli að þessum áhrifum. Þá var vísað til vefslóðar þar sem finna megi heimild þar sem fjallað sé um notkun Shiitake sveppa í samþættri lækni meðferð með áherslu á krabbameinseyðandi eiginleika þeirra og hlutverk lentinan í meðferð gegn krabbameini.

Þá tiltaki félagið að fjölmargar aðrar rannsóknir styðji við framangreindar niðurstöður og vísað til fjölda hlekkja sem gefi frekari upplýsingar og veiti breiðari grunn varðandi áhrif þessara sveppa sem fjallað hafi verið um. Þessar viðbótarheimildir styðji enn frekar við virkni sveppanna og veiti breiðari vísindalegan grunn fyrir hina heilsutengdu eiginleika.



Þá skilji félagið að þótt reynslusögur einstaklinga kunni að geta veitt huglæga innsýn þá verði að setja þær fram á ábyrgan hátt til að koma í veg fyrir villandi áhrif. Félagið muni fara yfir allt efni sitt til að tryggja að umræddar sögur séu ekki settar fram sem staðfestar vísbendingar um læknisfræðileg áhrif, heldur sem upplifun einstaklinga. Þá sé félagið staðfast í því að stilla fullyrðingum í samræmi við íslenskar reglur um viðskiptahætti og tryggja að þær séu rétt framsettar, byggðar á hefðbundnum notkunarmöguleikum og viðurkenndum vísindalegum niðurstöðum án þess að mæla með þeim sem staðgengli lyfja. Þá muni félagið passa að nota ekki fullyrðingar um virkni heldur benda á möguleika sveppanna til að styðja við og styrkja líkamann. Hvað varði gögn og samskipti vegna reynslusaga þá geti félagið því miður ekki veitt afrit af samskiptum við einstaklinga sem hafi lagt fram slíkar reynslusögur þar sem erfitt hafi reynst að finna slík samskipti þar sem þau hafi verið svör við s.k. „stories“ á Instagram og ógerlegt hafi reynst að finna þau.

3.

Með bréfi Neytendastofu til Hemmett, dags. 4. desember 2024, tiltók stofnunin að í bréfi, dags. 13. júní og 24. október 2024, hefði stofnunin farið fram á að Hemmett færði sönnur á sjö fullyrðingar sem birtar hefðu verið í auglýsingum á vefsíðu félagsins. Benti stofnunin á að í svari félagsins til stofnunarinnar hefði verið að finna fjöldann allan af hlekkjum á greinar og rannsóknir sem styðja ættu umræddar fullyrðingar. Ekki hafi þó verið að finna beina tilvísun í það hvar finna mætti sönnur fyrir fullyrðingunum eða með hvaða hætti hver og ein þeirra teldist sönnuð. Tók stofnunin fram að í skýringum til hennar verði tilvísanir sem eigi að renna stoðum undir fullyrðingar félagsins að vera þannig úr garði gerðar að ljóst sé við hvaða einstöku fullyrðingu sé átt. Þannig þurfi að koma fram hvar og í hvaða rannsókn sé að finna sönnun fyrir hverri og einni fullyrðingu.

4.

Með tölvubréfi Hemmett til Neytendastofu, dags. 19. desember 2024, kom fram að félagið vonist eftir að geta lokað þessu máli með samkomulagi en félagið muni vinna að því að uppfæra vörulýsingar, draga úr fullyrðingum og setja framar á vefsíðuna að vörurnar séu ekki lyf og mikilvægt sé að borða fjölbreytt mataræði. Þá var að finna meðfylgjandi nánari útskýringar á umræddum fullyrðingum félagsins.

Hvað varði fullyrðingu um stuðning Lion's Mane við starfsemi heilans, minni, fókus, andlegan skýrleika og bætingu á meltingu þá hafi birst rannsókn árið 2023 í Nutrients þar sem áhrif Lion's Mane voru skoðuð á hugræna virkni og skap hjá heilbrigðum ungmennum. Niðurstaðan hafi verið sú að þátttakendur hafi sýnt bætta frammistöðu í hugrænum verkefnum, hraðari úrvinnslu og tilhneigingu til minna álags eftir 28 daga notkun. Þá var að finna hlekk á umrædda rannsókn. Þá hafi vísindamenn frá háskólanum í Queensland uppgötvað virk efni í Lion's Mane sem stuðli að vexti heila- og taugafruma og bæti minni og var að finna hlekk á umrædda grein ásamt hlekk á grein sem sýni fram á að sveppurinn innihaldi mikið af trefjum sem styðji meltingu og stuðli að heilbrigðri þarmaflóru.



Gerð hafi verið rannsókn vegna stuðnings Reishi sveppsins við ónæmiskerfið þar sem m.a. áhrif β -glúkans á ónæmissvörun heilbrigðra einstaklinga var rannsakaður í slembiraðaðri, tvíblindri lyfleysisstýrðri klínískri rannsókn. Niðurstöður hafi sýnt að þeir sem hafi neytt β -glúka Reishi sveppsins í 84 daga hafi sýnt marktæka aukningu á fjölda ónæmisfruma auk bættrar virkni náttúrulegra drápsfruma samanborið við lyfleysuhóp. Var að finna hlekk meðfylgjandi á umrædda grein. Þá hafi verið gerð rannsókn vegna áhrifa hans á streitu og vísað á hlekk. Um hafi verið að ræða slembiraðaða, tvíblinda, lyfleysustýrða rannsókn frá 2005 sem hafi skoðað áhrif Reishi á einstaklinga með neurastheniu, sjúkdóm tengdan streitu og krónískri þreytu. Niðurstöður hafi verið að þátttakendur upplifðu marktæka minnkun á þreytu og aukna vellíðan miðað við þá sem fengu lyfleysu sem bendi til streitulosandi eiginleika Reishi sveppsins. Hvað varði bólgueyðandi áhrif hans þá hafi birst rannsókn árið 2021 sem skoðaði áhrif fjölsykra úr *Ganoderma lucidum* (Reishi) á bólgu og oxunarála í rottum með liðagigt. Niðurstaðan sé sú að fjölsykrurnar hafi dregið marktækt úr bólgusvörun og oxunarlagsmerkjum í rottum með liðagigt sem bendi til þess að Reishi gæti haft meðferðarmöguleika í stjórnun bólgusjúkdóma. Var vísað í grein með meðfylgjandi hlekk til nánari útskýringa.

Vegna fullyrðinga um *Cordyceps* sveppinn þá hafi verið gerð rannsókn árið 2020 á áhrifum *Cordiceps sinensis* á líkamlega frammistöðu hjá heilbrigðum einstaklingum. Þátttakendur sýndu bættu nýtingu á súrefni og aukna framleiðslu á ATP, sem hafi leitt til betri frammistöðu við æfingar. Var að finna hlekki á umrædda rannsókn og tengdra greina.

Um fullyrðingu félagsins vegna Chaga sveppsins var að finna hlekki á frekari greinar auk þess sem eftirfarandi texti fylgdi með orðrét:

„Results indicated that various chaga extracts have significant anti-inflammatory activity on LPS-stimulated RAW 264.7 cells. The inhibitory effect was through a decrease in the production of NO and the downregulation of TNF- α , IL-6, and IL-1 β in RAW 264.7 macrophages. “

Til skýringa á fullyrðingu vegna Maitake sveppsins var að finna hlekki á greinar auk eftirfarandi úrdrátt:

„10. Conclusion

Conclusively, this comprehensive review has demonstrated the multifaceted attributes and promising potential of maitake mushrooms across medicinal, therapeutic, nutraceutical, and cosmetic realms. The evidence presented underscores their effectiveness in combatting various health conditions, spanning from cancer and diabetes to immune disorders and skin ailments. Notably, key bioactive components, particularly polysaccharides, play pivotal roles in eliciting diverse health benefits, including antitumor, immunomodulatory, antimicrobial, anti-inflammatory, antidiabetic, lipid metabolism regulation and antioxidative effects.”

Félagið tiltók að lokum að það skilji áhyggjur af þessari nýju tegund fæðubótarefna sem hafi komið í miklum mæli til landsins en umræddar vörur sem félagið selji séu af hæsta gæðaflokki.



Farið verði yfir vörulýsingar og dregið úr fullyrðingum og tiltekið frammar á vefsíðunni að þessi bætiefni komi ekki í stað fjölbreyttrar fæðu eða lyfja sem séu fullrannsökuð fyrir ákveðin veikindi. Talið hafi verið að orð eins og „styður“ og „styrkir“ væru nægilega veik til þess að rúmast innan lagarammans. Þá sé bent á að fjöldi aðila á markaði notist við svipaðar lýsingar og því ætti stofnunin ekki að einbeita sér eingöngu að Hemmett. Félagið sé ekki í umræddum rekstri til að blekkja viðskiptavinir, hafi ekki fengið neinar kvartanir eða athugasemdir við framsetningu. Þá hafi allar auglýsingar verið stöðvaðar á meðan á málinu stendur og fyrirtækið samstarfsfúst.

5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2025, tiltók stofnunin að tekin yrði afstaða til fullyrðinga félagsins út frá svörum og framlögðum gögnum. Afstaða stofnunarinnar yrði einnig gerð með hliðsjón af þeim breytingum sem verði gerðar á síðunni. Óskaði stofnunin eftir að verða upplýst um leið og þeim breytingum væri lokið. Að því loknu yrði tekin afstaða til málsins og framhalds þess.

6.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. febrúar 2025, tiltók stofnunin að engar upplýsingar hefðu borist frá félaginu vegna fyrirhugaðra breytinga á vef- og Instagram síðu þess. Ítrekaði stofnunin fyrra erindi sitt.

7.

Með tölvubréfum Hemmett til Neytendastofu, dags. 7. og 9. mars 2025, kom fram að búið væri að uppfæra lýsingar á dropunum sem og texta á samfélagsmiðlum. Félagið óski þess að fleiri aðilar á markaði sem selji svipaðar vörur verði skoðaðir þar sem Hemmett hafi ekki gengið jafn langt og margir í lýsingum sínum á vörunum. Þá hafi félagið ávallt tekið fram í vörulýsingu að droparnir komi ekki í stað lyfja eða ætlaðir til lækninga. Þá var að finna frekari hlekkir á greinar sem fjölluðu um Lion's Mane, Reishi, Chaga, Shiitake, Maitake og Cordyceps.

8.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. mars 2025, upplýsti stofnunin um að gagnaöflun máls væri lokið og að málið yrði nú tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Hemmett ehf., rekstraraðili vefsíðunnar hugur.studio, sanni fullyrðingar um virkni sveppadropa og sveppadufts. Óskaði stofnunin eftir því að félagið færði sönnur á þær fullyrðingar sem birtar höfðu verið um virkni varanna auk þess sem bent var á að finna mætti fjölda auglýsinga með reynslusögur einstaklinga sem hafi



notið góðs af notkun vörunnar vegna ýmissa sjúkdóma, ágæti hennar tíundað og jafnvel fjallað um að vörunnar komi í stað lyfja. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svörum félagsins kom m.a. fram að fullyrðingar byggðust á fyrirliggjandi rannsóknum sem gerðar hefðu verið á sveppum eins og þeim sem um ræði. Fjölmargar aðrar rannsóknir og greinar styðji við virkni sveppanna og veiti breiðari vísindalegan grunn fyrir hina heilsutengdu eiginleika. Félagið hyggist yfirfara birtar reynslusögur og allt sitt efni og stilla fullyrðingum fram í samræmi við reglur. Ekki verði notast við fullyrðingar um virkni varanna heldur fremur bent á möguleika þeirra að styðja við og styrkja líkamann. Fylgdi fjöldi hlekkja með svörum félagsins á rannsóknir og greinar tengdum framangreindum vörum. Þá hefur félagið undir meðferð máls gert breytingar á vefsíðu sinni þar sem einstaka fullyrðingar voru fjarlægðar af netversluninni og þeim breytt auk þess sem allar reynslusögur voru fjarlægðar.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef



neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, er kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfssemi eða vansköpun.

3.

Á vefsíðunni hugur.studio var fjöldi fullyrðinga um virkni sveppadropa og sveppadufts. Líkt og fram hefur komið hér á undan tók félagið þá ákvörðun undir rekstri málsins að draga úr umræddum fullyrðingum þannig að í stað fullyrðingar um að vörurnar styðji við, styrki, minnki bólgur eða lækki kortisól svo dæmi séu tekin er nú að finna orðaval í áttina að vörurnar „geti hugsanlega“, „geti hjálpað til“ og þess háttar. Sá háttur félagsins að draga úr fullyrðingum og sú aðgerð að fjarlægja umræddar reynslusögur breytir þó ekki þeirri staðreynd að um var að ræða afdráttarlausar fullyrðingar um virkni varanna sem lögum samkvæmt þarf að færa sönnur fyrir. Fullyrðingar um að tilteknaðar vörur geti bætt meltingu, stutt við ónæmiskerfið og dregið úr bólgum, stutt við heilbrigði hjarta- og æða, lækkað kólesteról og streitu, bætt minni og skýrt hugsanir. Þá var enn fremur að finna reynslusögur einstaklinga í auglýsingarefni félagsins þar sem ýjað var að því að umræddar vörur gætu komið í stað ADHD lyfja. Umræddar fullyrðingar Hemmett um vörur á vefsíðunni hugur.studio fyrir breytingar voru afdráttarlausar að því er varðar virkni varanna og þann árangur sem neytendur mættu vænta af notkun þeirra.

Í svörum félagsins við erindi stofnunarinnar var sem fyrr segir vísað til fjölda rannsókna að baki hinum tilgreindu fullyrðingum sem óskað var eftir að færðar yrðu sönnur á. Hins vegar var ekki tilgreint með skýrum hætti hvar sönnun fullyrðinganna væri að finna eða beina umfjöllun um þær vörur sem félagið selur og fullyrðingarnar snúa að. Þá fjalla fyrrnefndar rannsóknir um virkni innihaldsefna varanna með almennum hætti en ekki með beinum hætti um það hvort að samsetning og magn innihaldsefna í vörum félagsins skili þeim árangri sem það fullyrðir um að vörurnar skili.

Þegar seljendur beita fullyrðingum í kynningarefni sínu um eins mikilvæga hagsmuni og líkamlega og andlega heilsu neytanda, verða neytendur að geta gengið út frá því að fullyrðingarnar standist og séu ekki villandi um raunverulega virkni eða hlutverk viðkomandi vöru. Verður því að gera ríkar kröfur til sönnunar á fullyrðingum seljanda er snúa að því að vara geti haft áhrif á, dregið úr eða læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfssemi eða vansköpun. Telur Neytendastofa því með vísan til ofangreinds að fullyrðingar félagsins séu ósannaðar sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að framangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni varanna og að upplýsingarnar séu líklegar til að



valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingar félagsins beinist að taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Að mati stofnunarinnar eru umræddar fullyrðingar enn fremur settar fram með þeim hætti að því er haldið fram að vörurnar geti haft jákvæð áhrif til að draga úr ýmsum kvillum líkt og um lyf sé að ræða. Telur Neytendastofa að með birtingu á framangreindum fullyrðingum um virkni sveppadropa og sveppadufts hafi félagið haldið því ranglega fram að vörurnar geti læknað sjúkleika eða röskun á líffærastarfsemi. Hemmett ehf. hefur því brotið gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, auk ákvæðis 17. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með birtingu framangreindra fullyrðinga.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, að banna Hemmett ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að um er að ræða viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Hemmett ehf. alvarleg auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Hemmett ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Hemmett ehf., Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um virkni sveppadropa og sveppadufts á vefsíðunni hugur.studio og Instagramsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hemmett ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“



Neytendastofa, 24. júní 2025

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir